

Auglýsing um Herðubreiðarfriðland.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun], ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Herðubreiðarlindir, Grafarlönd og Herðubreið í Ódáðahraun í Suður-Þingeyjarsýslu og er svæðið friðland.

*Mörk hins nýja friðlýsta svæðis eru þessi:* Frá ármótum Kreppu og Jökulsár bein lína að rótum Herðubreiðar þar sem hún nær lengst í suðaustur, (2) þaðan vestur, norður og austur með fjallsrótum þangað sem þær ná lengst í norðaustur og (3) síðan bein lína að Jökulsá um hátind Fremstafells. (4) Að austan ræður Jökulsá.

*Um svæðið gilda þessar reglur:*

1. Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimilt á friðlandinu án leyfis [Umhverfisstofnunar]. Ferðafélagi Akureyrar skal þó heimilt að hafa þar áfram skála, enda sé staðsetning, stærð og gerð mannvirkja háð samþykki stofnunarinnar.
2. Óheimilt er að skerða gróður, skaða dýralíf eða spilla vatni á friðlandinu.
3. Akstur utan merktra slóða er bannaður.
4. Fólk er hvatt til að ganga ekki á grónu landi utan gangstíga.
5. Ekki má fara með hesta utan merktra akvega á svæðinu og bannað er að beita þeim.
6. Heimilt er að tjalda á merktum tjaldsvæðum, en utan þeirra aðeins með leyfi eftirlitsmanna [Umhverfisstofnunar].
7. Við (friðlýstum) rústum má enginn hrófla.
8. Notkun skopvopna er bönnuð á svæðinu.
9. Reglur þessar skerða ekki rétt bænda í Mývatnssveit til smölunar, fiskræktar eða meindýraveiða á svæðinu, enda sé tilgangur friðlýsingar virtur.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 14. ágúst 1974.

Magnús T. Ólafsson.

---

Birgir Thorlacius